

# Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri

## Yfirlit um starfsemi safnsins. Fylgir ársskýrslu 2022



# **Bókasafn Verkmenntaskólans á Akureyri**

## **Yfirlit um starfsemi skólaársins 2021-2022**

### **Fylgir ársskýrslu 2022**

#### **Starfstími**

Safnið er opið frá 8–16 á mánudögum til fimmtudaga en á föstudögum er safnið opið frá 8-15.

Fastir starfsmenn safnsins voru tveir. Forstöðumaður í 100% stöðu og bókaforstjóri í 75% stöðu á haustmíssi en sinnti alþjóðamálum í 25% stöðu en var þó með fulla viðveru á safninu. Meðan ýmsar takmarkanir voru í samfélaginu vegna heimsfaraldurs var ákveðið að hafa safnið einungis opið á dagvinnutíma með föstum starfsmönnum safnsins. Hefð var fyrir því að nemendur stæðu vaktina frá 16-18 á mánudögum til föstudaga en ekki þótti réttlætanlegt að láta nemendur bera ábyrgð á safninu á þessum tímum. Eftir afléttingu allra samkomutakmarkana var ákveðið að safnið héldi þessum opnunartíma. Einhverjar óánægjuraddir hafa heyrst vegna skertrar þjónustu en sjáum hvað tíminn ber í skauti sér.

#### **Starfsfólk þennan vetur var:**

Hanna Pórey Guðmundsdóttir, bókasafns- og upplýsingafræðingur  
Hildur Friðriksdóttir, framhaldsskólakennari til desemberloka  
Dagný Hulda Valbergsdóttir, B.A. í þjóðfræði og M.A í hagnýtri menningarmiðlun hóf störf í janúar 2022.

#### **Hlutverk safnsins**

Hlutverk bókasafnsins er að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Meginhlutverk safnsins að kenna og kynna upplýsingalæsi, gera safnkost aðgengilegan, tryggja næði

nemenda sem nýta safnið til lærdóms og lána út bækur, tímarit, tölvur og fleira. Nemendur er líka duglegir að nýta safnið sem athvarf, enda er gott að slappa af í notalegu umhverfi.

### **Safnkostur**

Nokkuð af nýju efni barst safninu á skólaárinu, fag- og brautarstjórar voru hvattir til að koma með innkaupabeiðnir. Keyptar voru íslenskar skáldsögur, barnabækur og ýmsar fræðibækur. Safninu bárust einnig ýmsar gjafir sem við erum þakklát fyrir.



Allar nýjar bækur eru skráðar í Gegni, bókasafnskerfið okkar, jafnóðum en á þessu skólaári skráðum við einnig öll tæki og tól sem ekki voru þegar skráð til að eiga skrá yfir allan safnkostinn en það auðveldar útlán til muna. Safnið eignaðist töluvert af nýjum tækjabúnaði í vetur, sumt var keypt nýtt inn en annað hafði þegar verið í eigu skólans en var hvergi formlega skráð. Til nýrra tækja telst m.a. sýndarveruleikagleraugu, stór hátalari, myndbandstökuvél, myndavél, áhrifavaldaljós, búnaður til hljóðupptöku, búnaður til að senda út hljóð og mynd. Einnig nýskráðum við gamla muni eins og allar tölvumýs, reiknivélar, hleðslutæki fyrir tölvur og síma og sirkla. Þessi búnaður er í stöðugri notkun og því til hægindauka fyrir alla þetta fari í gegnum útlánkerfið okkar.

Hingað til hafa handbækur verið í sér hillum á safninu og sjaldnast hafa þær verið til útláns. Með auðveldu aðgengi að upplýsingum í gegnum netið þá er ekki eins brýn þörf að fletta í bókum þegar finna á svör við einföldum spurningum, því var ákveðið að taka bækurnar sem falla undir handbókaflokkinn og fella inn í safnið sjálft. Þetta kostaði töluverðar forfæringar á bókum en við erum ánægð með útkomuna.

Landskerfi bókasafna sem rekur núverandi Gegni hefur staðið í ströngu við undibúning innleiðingar á nýju bókasafnskerfi. Núverandi kerfi heitir Aleph og þó það hafi þjónað okkur vel í 20 ár þá er það komið til ára sinna. Kröfur sem við gerum til bókasafnskerfa hafa breyst og gamla kerfið orðið úrelt á marga vísu. Mikil vinna hefur farið í val og undirbúning á innleiðingu á nýju kerfi og ýmislegt orðið til þess að innleiðingu hefur seinkað. Núna í lok annar eru almenningsbókasöfn að taka kerfið í notkun. Næsta

skólaár hefst svo á innleiðingu í framhaldskólum þannig að það verður spennandi að spreyta sig í notkun á nýju kerfi í haust. Starfsmenn safnsins hafa sótt sótt námskeið og fræðslufundi um nýja kerfið og lofar það góðu. Vinna við kerfisskiptin er umfangsmikil bæði grunnuppsetning, gagnahleðslur og prófanir taka sinn tíma. Landskerfi bókasafna stýrir þessari vinnu með hjálp starfsmanna safnanna sem hafa boðið sig fram í setu í innleiðingar- og stýrihópum. Nýja kerfið er heitir Alma og er frá Ex Libris en við munum áfram nota sömu leitargátt frá Primo VE í viðviðmóti. Lánþegar ættu þó ekki að finna mikið fyrir þessum breytingum en nýja kerfið ætti að vera mun notendavænna fyrir starfsfólk bókasafna.



Nemendur að prófa áhrifavaldaljósð

## Útlán

Heildarútlán á safninu jukust í ár eins og fyrri ár, skráð útlán eru 7009 en voru 4632 síðasta skólaár. Útlán á tækjum og tólum voru 5749 en í fyrra voru þau 3597. Þessa mikla aukning skýrist að mestum hluta af auknum útlánum á fartölvum og öðrum tækjakosti. Safnið hefur 14 fartölvur til útláns sem eru í stöðugri notkun, oft gerist það að nemendur í fartölvuleit koma að tómunum kofanum. Útlán á hleðslutækjum fyrir síma og tölvur aukast líka jafnt og þétt. Ef útlán eru skoðuð út frá kyni lánþega þá eru karlmenn í miklum meirihluta, árið 2021 voru tæp 62% útlána til karlkyns lánþega en rúm 36% til kvenkyns lánþega.

Í desember gerist sá merki atburður að ein Chromebook tölvun var lánuð í þúsundasta sinn. Að sjálfsögðu smelltum við mynd af þeim skemmtilega viðburði.



Þúsundasta útlánið á þessari tölvu var til Steven Kibira

Nú í vor eru einhverjar tölvur sem hafa verið lánaðar í kringum 1200 skipti en eru ekki farnar að svíkja notendur sínar. Þetta sýnir að það er mikilvægt að nemendur hafi aðgang að fartölvum en áæstæður lánanna geta verið ýmsar. Sumir eiga ekki tölvu, sumir gleyma sinni endrum og eins, fartölvur sumra bila svo eitthvað sé nefnt.

Útlán á bókum þetta skólaárið var 1249 sem er fjölgun frá fyrra skólaári en þá voru útlán 1035. Það er gaman að sjá að útlánum fjölgi en við finnum að bókin á undir högg að sækja meðal ungmenna í nútímanum. Bókin á í stöðugri samkeppni við aðra miðla og hefur síminn býsna oft vinninginn.

Ákveðinn hópur kennara leggur þó áherslu á að í ritgerðar- og verkefnavinnu noti nemendur bækur fremur en vefheimildir námi sínu til stuðnings sem er afar jákvætt, því nemendur þurfa að þekkja ólíka miðla. Sum verkefni eru þess eðlis að heimildaöflun fer í gegnum netið en önnur verkefni eru þess eðlis að vitneskjuna er helst að finna í bókum. Dæmi um þetta er umfjöllun um íslenskar bókmenntir, íslenska náttúru og sagnfræði Íslands.

Á safninu reynum við benda nemendum og kennurum á að þó efni verkefna og ritgerða sé þess eðlis að ekki sé líklegt að við eigum prentaðar heimildir hér á safninu þá kemur sérfræðikunnátta okkar í heimildaleit oft að góðum notum. Við ráðleggjum hvaða heimildir eru góðar og áreiðanlegar hverju sinni. Oft koma nemendur sem hafa leitað á netinu að efni án árangurs til okkar og við finnum efni á netinu með okkar sérfræðikunnáttu nemendum til léttis.



Einstaka nemendur fá bækur til yndislesturs eða til að leita að áhugaverðu efni sem tengist áhugamál og það gleður okkur sérstaklega mikið. Nemendur koma líka til að fá kennslubækur ef bók hefur gleymist heima en það er stefna safnsins að eiga eitt eintak af hverri kennslubók sem hægt er að fá í dægurlán.

Eitthvað er um að starfsfólk bókasafnsins tíni til á bókavagna safnefni fyrir einstaka verkefni og ritgerðir og þá er það efni nýtt á safninu án þess að það fari í formleg útlán og telji í tölfræðinni. Þetta sparar nemendum vinnu við að finna sjálfir til heimildir og tryggir að allir nemendur hafi jafnan aðgang að efninu, en ekki er reiknað með að nemendur fái safnefni í útlán ef efnið er á vagni og fleiri þurfi að nota það.



Sumir að læra og aðrir að hvíla sig



## **Kennsla í upplýsingalæsi**

Við leggjum ríka áherslu á upplýsingalæsiskenndu í VMA.

Í mörg ár hafa allir nýnemar komið á safnakynningu sem hluta af sínu námi í lífsleikni. Þá er hverjum hóp skipt í tvennt og fá þeir annars vegar fræðslu um upplýsingaleit m.a. í Gegni og mikilvægi þess að vera gagnrýninn við val á heimildum og hins vegar almenna kenndu um hvernig hægt er að finna efni á safninu. Nemendur vinna svo verkefni sem felur í sér leit í tölvum og í bókum safnsins og gengur það yfirleitt vel hjá nemendum. Þetta eru margir hópar og mörg andlit en það gefur starfsfólki bókasafnsins mikið að ná að kynna safnið og tengjast nýnemum í upphafi annar.

Á vorönn fór áhersla í upplýsingalæsiskenndu til lokaverkefnisnema. Flestir hópar sem vinna að lokaverkefni fengu kenndu um hvernig er best að leita af heimildum t.d. á leitir.is og hvar.is og hvað beri að hafa í huga við leit á heimildum og hvernig val og meðferð heimilda skiptir sköpum við vinnslu lokaverkefna. Þetta voru nemendur á stúdentsbrautum, sjúkraliðabraut, vélstjórn og nemendur á lokaönn í húsasmíði. Það er mikilvægt að ná til nemenda á þessum tímamarki og ef þeir tileinka sér gagnrýnin og vönduð vinnubrögð við heimildaleit fyrir lokaverkefni þá mun það gagnast þeim í námi og starfi í framtíðinni. Sífelld meira af efni verður aðgengilegt á netinu með ári hverju og því er þessi kenndu mikilvæg og gott að geta beint nemendum á að auðvelt sé að taka falsfréttir alvarlega ef slakað er á gagnrýnni hugsun. Þarna gafst líka tækifæri til að auglýsa Ritverið og voru lokaverkefnisnemendur einna duglegastir nemenda að nýta sér það í vetur.



Véltjórnarnemendur á góðri stund.

Í vetur komu nokkrir hópar til okkar í heimildaskráningarverkefni í íslensku. Verkefnið var í formi ratleiks þar sem nemendur þurftu m.a. að nota QR kóða, fletta bókum og tímaritum til að skrá heimildir. Það var gaman að hafa


### **Ritver**

Ritver bókasafnsins hélt áfram starfsemi en þar geta nemendur komið og fengið aðstoð við heimildaleit, heimildaskráningu, tilvísanagerð, yfirlestur á texta og uppsetningu ritgerða. Þjónustan sem fer fram í Ritverinu er hugsuð sem meiri persónulegri aðstoð hefðbundin aðstoð að safni. Nemendur fá ráðgjöf og tilsögn allt eftir því hvað þarf hverju sinni. Við finnum að nemendur sem hafa ekki íslensku að móðurmáli finnst fínt að geta komið og fengið okkur til að renna yfir texta.



Stundum er gott að sofa.

Við upphaf Ritvers þá voru nemendur hvattir til að bóka tíma en reynslan hefur sýnt að þeim þykir þægilegra að koma við og fá aðstoð án þess að um formlega tímabókun er að ræða. Við höfum auglýst þessa starfsemi nokkuð og kennarar eru duglegir að minna á hana en við erum alltaf tilbúin að taka á móti fleiri nemendum gerist þess þörf. Við höfum ekki náð að halda utan um fjölda heimsóknna í Ritverið en í upphafi annar er nemendur er rólegt í Ritverinu en ásóknin eykst þegar líða fer á önnina.



Við upphaf vetrar voru ýmsar samkomutakmarkanir og lögðum við mikið upp úr sóttþreinsun jafnt og þétt allan daginn. Þegar líða fór á seinni hluta vorannar þá var öllu aflétt og starfsemin varð með öllu eðlileg. Það er okkur mikilvægt að finna að safnið skipar stóran sess hjá nemendum. Hér fá nemendur skjól í amstri dagsins, frið til að sinna námi eða næði til að slaka á ef svo ber undir.